

## TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS 2000/54/EB

2002/EES/12/39

frá 18. september 2000

um verndun starfsmanna gegn áhættu vegna líffræðilegra áhrifavalda á vinnustöðum  
(sjöunda sértilskipun í skilningi 1. mgr. 16. gr. tilskipunar 89/391/EBE) (\*)

EVRÓPUÞINGID OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS

HAFA,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 2. mgr. 137. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndarinnar <sup>(1)</sup>,

að höfðu samráði við svæðanefndina,

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 251. gr. sáttmálans <sup>(2)</sup>,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Tilskipun ráðsins 90/679/EBE frá 26. nóvember 1990 um verndun starfsmanna gegn áhættu vegna líffræðilegra áhrifavalda á vinnustöðum (sjöunda sértilskipun í skilningi 1. mgr. 16. gr. tilskipunar 89/391/EBE <sup>(3)</sup>) hefur oft verið breytt verulega <sup>(4)</sup>. Til glöggvunar og hagræðingar ber því að kerfisbinda hana.
- 2) Nauðsyn ber til að fullnægja lágmarkskröfum sem er ætlað að tryggja meira öryggi og betri heilsu með tilliti til verndunar starfsmanna gegn váhrifum líffræðilegra áhrifavalda á vinnustöðum ef tryggja á öryggi og vernda heilsu starfandi fólks.
- 3) Tilskipun þessi er sértilskipun í skilningi 1. mgr. 16. gr. tilskipunar ráðsins 89/391/EBE frá 12. júní 1989 um lögleiðingu ráðstafana er stuðla að bættu öryggi og heilsu starfsmanna á vinnustöðum <sup>(5)</sup>. Ákvæði fyrrnefndrar tilskipunar gilda því að fullu um váhrif líffræðilegra áhrifavalda á starfsmenn, samanber þó strangari og/eða sértækari ákvæði sem er að finna í þessari tilskipun.
- 4) Með skráningu upplýsinga er unnt að afla betri þekkingar á þeirri áhættu sem felst í váhrifum líffræðilegra áhrifavalda.

(\*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtið. EB L 262, 17.10.2000, bls. 21, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 79/2001 frá 19. júní 2001 um breytingu á XVIII. viðauka (Öryggi og hollustuhættir á vinnustöðum, vinnuréttur og jafnrétti kynjanna) við EES-samninginn. Sjá EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna nr. 44, 6.9.2001, bls. 24.

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB C 75, 15.3.2000, bls. 15.

<sup>(2)</sup> Álit Evrópuþingsins frá 13. júní 2000 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum EB) og ákvörðun ráðsins frá 17. júlí 2000.

<sup>(3)</sup> Stjtið. EB L 374, 31.12.1990, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 97/65/EB (Stjtið. EB L 335, 6.12.1997, bls. 17).

<sup>(4)</sup> Sjá A-hluta VIII. viðauka.

<sup>(5)</sup> Stjtið. EB L 183, 29.6.1989, bls. 1.

- 5) Skrána yfir líffræðilega áhrifavalda og flokkun þeirra ber að yfirfara reglulega og endurskoða með hliðsjón af nýjum vísindagögnum.
- 6) Veita ber upplýsingar um nokkra líffræðilega áhrifavalda umfram þær sem koma fram í flokkun þeirra.
- 7) Vinnuveitendum ber að fylgjast með þróun nýjustu tækni í því skyni að bæta heilsuvernd og öryggi starfsmanna.
- 8) Gera ber varúðarráðstafanir til þess að vernda heilsu og öryggi starfsmanna sem verða fyrir váhrifum líffræðilegra áhrifavalda.
- 9) Tilskipun þessi er raunhæft skref í þá átt að gera félagsmálaþátt innri markaðarins að veruleika.
- 10) Samkvæmt ákvörðun ráðsins 74/325/EBE <sup>(6)</sup> skal framkvæmdastjórnin hafa samráð við ráðgjafarnefndina um öryggi, hollustuhætti og heilsuvernd á vinnustöðum í því skyni að leggja fram tillögur á þessu sviði. Fyrrnefnt samráð hefur farið fram í tengslum við gerð tillagna um tilskipanir ráðsins sem um getur í tilskipun þessari.
- 11) Tilskipun þessi er með fyrirvara um skuldbindingar aðildarríkjanna sem lúta að lögleiðingarfresti sem er settur fram í B-hluta VIII. viðauka.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

I. KAFLI

ALMENN ÁKVÆÐI

1. gr.

Markmið

1. Markmiðið með þessari tilskipun er að vernda starfsmenn gegn áhættu fyrir heilsu þeirra og öryggi, meðal annars að koma í veg fyrir slíka áhættu sem stafar af eða líkur eru á að stafi af váhrifum líffræðilegra áhrifavalda á vinnustöðum.

Í tilskipuninni eru sett sérstök lágmarksákvæði um þetta svið.

<sup>(6)</sup> Stjtið. EB L 185, 9.7.1974, bls. 15. Ákvörðuninni var síðast breytt með aðildarlögunum frá 1994.

2. Ákvæði tilskipunar 89/391/EBE gilda að fullu um allt sviðið sem um getur í 1. mgr., samanber þó þrengri og/eða sértækari ákvæði sem er að finna í þessari tilskipun.

3. Tilskipun þessi gildir með fyrirvara um ákvæði tilskipunar ráðsins 90/219/EBE <sup>(1)</sup> og tilskipunar ráðsins 90/220/EBE <sup>(2)</sup>.

2. gr.

### Skilgreiningar

Í tilskipun þessari er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- a) „líffræðilegir áhrifavalda“: örverur, meðal annars erfðabreyttar, frumurækt og innsniklar í mönnum sem kunna að valda sýkingum, ofnæmi eða eiturhrifum;
- b) „örvera“: örverufræðileg eind, af frumum eða ekki, sem er fær um eftirmyndun eða yfirfærslu erfðaeftnis;
- c) „frumurækt“: ræktun frumna í glasi sem eru úr fjölfruma lífverum.

„Líffræðilega áhrifavalda“ skal flokka í fjóra áhættuflokka eftir smíthættu:

1. líffræðilegur áhrifavaldur í 1. flokki: áhrifavaldur sem litlar líkur eru á að valdi sjúkdómum í mönnum;
2. líffræðilegur áhrifavaldur í 2. flokki: áhrifavaldur sem getur valdið sjúkdómum í mönnum og starfsmönnum gæti stafað hættu af; lítil hættu er á að hann berist út í samfélagið; oftast er völ á árangursríkri forvörn eða meðferð;
3. líffræðilegur áhrifavaldur í 3. flokki: áhrifavaldur sem getur valdið alvarlegum sjúkdómum í mönnum og starfsmönnum gæti stafað mikil hættu af; hættu getur verið á að hann berist út í samfélagið en oftast er völ á árangursríkri forvörn eða meðferð;
4. líffræðilegur áhrifavaldur í 4. flokki: áhrifavaldur sem veldur bráðum sjúkdómum í mönnum og starfsmönnum stafar mikil hættu af; hættu getur verið á að hann berist út í samfélagið; sjaldnast er völ á árangursríkri forvörn eða meðferð.

3. gr.

### Gildissvið — Ákvörðun og mat á áhættu

1. Tilskipun þessi gildir um starfsemi þar sem starfsmenn verða fyrir eða kunna að verða fyrir váhrifum líffræðilegra áhrifavalda vegna starfs síns.

<sup>(1)</sup> Tilskipun ráðsins 90/219/EBE frá 23. apríl 1990 um afmarkaða notkun erfðabreyttra örvera (Stjtið. EB L 117, 8.5.1990, bls. 1). Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 98/81/EB (Stjtið. EB L 330, 5.12.1998, bls. 13).

<sup>(2)</sup> Tilskipun ráðsins 90/220/EBE frá 23. apríl 1990 um þau tilvik er erfðabreyttum lífverum er sleppt af ásettu ráði út í umhverfið (Stjtið. EB L 117, 8.5.1990, bls. 15). Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 97/35/EB (Stjtið. EB L 169, 27.6.1997, bls. 72).

2. Þegar líklegt er að starfsemi feli í sér hættu á váhrifum frá líffræðilegum áhrifavöldum verður að ákvarða eðli ástandsins, hve mikil váhrifin eru og hve lengi starfsmenn verða fyrir váhrifum til að unnt sé að meta alla hættu sem heilsu og öryggi starfsmanna er búin og ákveða til hvaða ráðstafana á að grípa.

Ef starfsemi er þess eðlis að starfsmenn geti orðið fyrir váhrifum líffræðilegra áhrifavalda af fleiri en einum flokki skal áhættan metin á grundvelli þeirrar hættu sem allir líffræðilegir áhrifavalda, sem um ræðir, hafa í för með sér.

Matið verður að endurtaka reglulega og ætíð ef breyting verður á þeim aðstæðum sem ráðið geta váhrifum líffræðilegra áhrifavalda á starfsmenn.

Vinnuveitandi verður að láta lögbærum yfirvöldum í té upplýsingar sem liggja að baki téðu mati óski yfirvöldin þess.

3. Mat það, sem um getur í 2. mgr., skal fara fram á grundvelli allra tiltækra upplýsinga, þar á meðal:

- a) flokkunar líffræðilegra áhrifavalda sem eru eða geta verið hættulegir heilsu manna, eins og um getur í 18. gr.;
- b) ráðlegginga frá lögbæru yfirvaldi þar sem skýrt er frá því að hafa beri hemil á líffræðilegum áhrifavöldum til að vernda heilsu starfsmanna þegar þeir verða eða geta orðið fyrir váhrifum af slíkum líffræðilegum áhrifavöldum í tengslum við starf sitt;
- c) upplýsinga um sjúkdóma sem komið geta upp vegna vinnu starfsmanna;
- d) hugsanlegra váhrifa sem valda ofnæmi eða eitrun vegna vinnu starfsmanna;
- e) vitneskju um sjúkdóm sem starfsmaður reynist haldinn og sem tengist starfi hans með beinum hætti.

4. gr.

### Beiðing ákvæða ýmissa greina í tengslum við áhættumat

1. Sýni niðurstöður matsins, sem um getur í 3. gr., að váhrifa eða mögulegra váhrifa gæti frá líffræðilegum áhrifavöldum í 1. flokki, án þess að hægt sé að merkja að heilsu starfsmanna stafi hættu af, skulu ákvæði 5. til 17. gr. og 19. gr. ekki gilda.

Eigi að síður ber að fara að 1. lið í VI. viðauka.

2. Sýni niðurstöður matsins, sem um getur í 3. gr., að við starfsemina sé ekki af ásettu ráði unnið með líffræðilega áhrifavalda eða þeir notaðir, en hugsanlegt sé að starfsmenn verði fyrir váhrifum líffræðilegra áhrifavalda við störf af því tagi sem talin eru upp í viðmiðunarskránni í I. viðauka, skulu ákvæði 5., 7., 8., 10., 11., 12., 13. og 14. gr. gilda, nema matið, sem um getur í 3. gr., sýni að þess sé ekki þörf.

## II. KAFLI

## 7. gr.

## SKULDBINDINGAR VINNUVEITENDA

## Upplýsingar til lögbærra yfirvalda

## 5. gr.

## Umskipting

Vinnuveitandi skal forðast að nota skaðlegan líffræðilegan áhrifavald ef eðli starfsmannar leyfir það og nota í þess stað líffræðilegan áhrifavald sem, samkvæmt notkunarskilyrðum og vitneskju á hverjum tíma, er ekki hættulegur eða er síður hættulegur heilsu starfsmanna.

## 6. gr.

## Dregið úr áhættu

1. Þegar niðurstöður af mati því, sem um getur í 3. gr., leiða í ljós að heilsu eða öryggi starfsmanna er hættu búin verður að koma í veg fyrir að starfsmenn verði fyrir váhrifum.

2. Ef þetta er tæknilega ógerlegt, að teknu tilliti til starfsmannar og áhættumats þess sem um getur í 3. gr., ber að draga nógu mikið úr hættunni á að starfsmenn verði fyrir váhrifum til að vernda heilsu þeirra og öryggi, einkum með eftirtöldum ráðstöfunum er beita skal í ljósi mats þess sem um getur í 3. gr.:

- að sjá til þess að sem fæstir starfsmenn verði fyrir váhrifum eða kunni að verða fyrir váhrifum;
- að haga vinnu og tæknilega eftirliti þannig að komist sé hjá því að líffræðilegir áhrifavaldar berist út á vinnustað eða slíku sé haldið í lágmarki;
- að gera ráðstafanir til verndar starfsmönnum almennt og/eða, sé ekki hægt að komast hjá váhrifum með öðrum ráðum, ráðstafanir til að vernda einstaka starfsmenn;
- að gera hreinlætisráðstafanir sem samrýmast því markmiði að koma í veg fyrir eða draga úr því að líffræðilegir áhrifavaldar séu fluttir eða berist af slysi út af vinnustaðnum;
- að nota skilti sem varar við hættu af líffræðilegum toga og sýnt er í II. viðauka, svo og önnur viðvörðunarskilti sem máli skipta;
- að semja áætlanir um hvernig bregðast skuli við slysum í sambandi við líffræðilega áhrifavald;
- að láta fara fram prófanir, þar sem nauðsynlegt er og tæknilega framkvæmanlegt, til að kanna hvort líffræðilega áhrifavaldar, sem notaðir eru á vinnustað, sé að finna utan tiltekinna svæða þar sem þeir eru luktir inni;
- að láta safna saman úrgangi, geyma hann og farga honum á öruggan hátt, meðal annars með því að nota þétt ílát sem eru greinilega og áberandi merkt eftir viðeigandi meðferð og eftir því sem við á;
- að sjá til þess að meðhöndlun og flutningur líffræðilegra áhrifavaldar innan vinnustaðarinnar sé með öruggum hætti.

1. Leiði niðurstöður mats þess, sem um getur í 3. gr., í ljós að heilsu eða öryggi starfsmanna sé hættu búin ber vinnuveitendum, ef um það er beðið, að gefa lögbærum yfirvöldum viðeigandi upplýsingar um:

- a) niðurstöður matsins;
- þá starfsemi þar sem starfsmenn hafa orðið eða kunna að hafa orðið fyrir váhrifum frá líffræðilegum áhrifavöldum;
- hve margir starfsmenn verða fyrir váhrifum;
- nafn öryggis- og heilbrigðisfulltrúa á vinnustaðnum og hver hæfni hans er;
- hvaða verndar- og forvarnarráðstafanir eru gerðar, þar á meðal starfshættir og vinnuáðferðir;
- neyðaráætlun til að varna því að starfsmenn verði fyrir váhrifum frá líffræðilegum áhrifavöldum í 3. eða 4. flokki þótt innilokun bregðist.

2. Vinnuveitendur skulu tafarlaust upplýsa lögbær yfirvöld um öll slys eða óhöpp þar sem vera kann að líffræðilegir áhrifavaldar sleppi út og geti valdið alvarlegri sýkingu og/eða sjúkdómum í mönnum.

3. Skrá sú, sem um getur í 11. gr., og heilsufarsskýrslan, sem um getur í 14. gr., skulu vera lögbærum yfirvöldum tiltækar, ef fyrirtækið hættir starfsemi, í samræmi við landslög og/eða venjur.

## 8. gr.

## Hreinlæti og vernd einstakra starfsmanna

1. Við hvers kyns starfsemi, sem hefur í för með sér að heilsu eða öryggi starfsmanna er hættu búin vegna vinnu við líffræðilega áhrifavaldar, ber að skylda vinnuveitendur til að gera viðeigandi ráðstafanir til að tryggja að:

- a) starfsmenn neyti ekki matar eða drykkjar á vinnusvæðum þar sem hættu er á mengun vegna líffræðilegra áhrifavaldar;
- starfsmönnum sé séð fyrir viðeigandi hlífðarfatnaði eða öðrum sérstökum fatnaði við hæfi;
- starfsmönnum sé séð fyrir nægilegri og viðeigandi þvotta- og salernisaðstöðu, þar á meðal getur talist augnvökvi og/eða efni til að sótthreinsa húð;
- allur nauðsynlegur hlífðarbúnaður sé:
  - geymdur á réttan hátt á vísam stað,
  - athugaður og þrífinn fyrir notkun ef það er gerlegt og skilyrðislaust eftir að hann hefur verið notaður,
  - lagfærður ef hann bilar eða skipt sé um hann áður en hann er notaður aftur;
- tilgreindir séu starfshættir við að taka sýni úr mönnum eða dýrum, meðhöndla þau og athuga.

2. Þegar vinnusvæði er yfirgefið er skylt að fjarlægja vinnufatnað og hlífðarbúnað, þar með talinn hlífðarfatnað, sem um getur í 1. mgr., sem kann að hafa mengast af líffræðilegum áhrifavöldum, og áður en þær ráðstafanir, sem um getur í annarri undirgrein, eru gerðar ber að koma honum í geymslu fjarri öðrum fatnaði.

Vinnuveitanda ber að tryggja að slíkur fatnaður og hlífðarbúnaður sé hreinsaður og þrífinn eða fargað ef þess er þörf.

3. Óheimilt er að leggja kostnað af ráðstöfunum, sem um getur í 1. og 2. mgr., á starfsmenn.

#### 9. gr.

##### Upplýsingar til starfsmanna og þjálfun þeirra

1. Vinnuveitandi skal gera viðeigandi ráðstafanir til að tryggja að starfsmenn og/eða fulltrúar þeirra innan fyrirtækisins eða stofnunarinnar fái nægilega og viðeigandi þjálfun, sem byggist á öllum tiltækum upplýsingum, einkum upplýsingum og leiðbeiningum um:

- hugsanlegt heilsutjón;
- varúðarráðstafanir sem ber að gera til að koma í veg fyrir váhrif;
- hreinlætiskröfur;
- notkun hlífðarbúnaðar og -fatnaðar;
- ráðstafanir sem starfsmönnum ber að gera ef óhöpp verða og til að koma í veg fyrir óhöpp.

2. Þjálfun þessi skal:

- veitt þegar starf sem felur í sér snertingu við líffræðilega áhrifavaldar hefst;
- lögð að nýrri eða breyttri áhættu; og
- endurtekin reglulega ef þörf er á.

#### 10. gr.

##### Upplýsingar til starfsmanna í einstökum tilvikum

1. Vinnuveitendur skulu sjá til þess að skriflegar upplýsingar liggi frammi á vinnustöðum og, ef við á, birta tilkynningar þar sem að minnsta kosti komi fram hvaða starfsháttum skuli fylgja ef:

- alvarlegt slys eða óhapp verður þar sem verið er að meðhöndla líffræðilegan áhrifavald;
- líffræðilegur áhrifavaldur í 4. flokki er meðhöndlaður.

2. Starfsmenn skulu samstundis tilkynna verkstjóra eða öryggis- og heilbrigðisfulltrúa um öll slys eða óhöpp þar sem verið er að meðhöndla líffræðilegan áhrifavald.

3. Vinnuveitendur skulu tilkynna starfsmönnum og/eða öllum fulltrúum þeirra án tafar um öll slys eða óhöpp þar sem líffræðilegur áhrifavaldur hefur hugsanlega borist út og gæti valdið alvarlegri sýkingu og/eða sjúkdómum í mönnum.

Ef alvarlegt slys eða óhapp hendir ber vinnuveitendum að tilkynna starfsmönnum og/eða öllum fulltrúum þeirra innan fyrirtækisins eða stofnunarinnar, eins skjótt og framast er unnt, um orsakir þess og ráðstafanir sem gerðar hafa verið eða til stendur að gera til að ráða bót á ástandinu.

4. Hver starfsmaður skal hafa aðgang að þeim upplýsingum sem varða hann sérstaklega og tilgreindar eru í skrá þeirri sem um getur í 11. gr.

5. Starfsmenn og/eða fulltrúar þeirra innan fyrirtækisins eða stofnunarinnar skulu hafa aðgang að upplýsingum sem varða starfsmenn almennt og ekki tengjast einstaklingum.

6. Sé þess óskað ber vinnuveitendum að láta starfsmönnum og/eða fulltrúum þeirra í té upplýsingarnar sem kveðið er á um í 1. mgr. 7. gr.

#### 11. gr.

##### Skrá yfir starfsmenn sem verða fyrir váhrifum

1. Vinnuveitendur skulu halda skrá yfir starfsmenn sem verða fyrir váhrifum frá líffræðilegum áhrifavöldum í 3. og/eða 4. flokki, þar sem fram komi tegund starfsins og, ef unnt er, hvaða líffræðilegan áhrifavald um er að ræða, ásamt lýsingu á áhrifum, slysum og óhöppum, eftir því sem við á.

2. Geyma ber skrána, sem um getur í 1. mgr., í tíu ár hið minnsta, eftir að starfsmenn urðu síðast fyrir váhrifum, í samræmi við landslög og/eða venjur.

Sé um að ræða váhrif sem valdið getur smitun:

- frá líffræðilegum áhrifavöldum sem vitað er að valdið geta þrálátri eða dulinni sýkingu,
- sem í ljósi núverandi þekkingar er ekki hægt að greina fyrir en sjúkdómur kemur fram mörgum árum síðar,
- sem hefur sérlega langan meðgöngutíma áður en sjúkdómur kemur fram,
- sem leiðir til sjúkdóma sem blossa upp við og við þrátt fyrir meðferð, eða
- sem haft getur alvarlegar afleiðingar til langs tíma,

ber að geyma skrána í lengri tíma eftir því sem við á, allt að fjórutíu ár frá því að vitað er að menn urðu síðast fyrir váhrifum.

3. Læknir sá, sem um getur í 14. gr., og/eða lögber yfirvöld á sviði hollustu og öryggis á vinnustöðum, sem og allir aðrir sem ábyrgð bera á hollustu og öryggi á vinnustöðum, skulu hafa aðgang að skránni sem um getur í 1. mgr.

#### 12. gr.

##### Samráð við starfsmenn og þátttaka þeirra

Hafa ber samráð við starfsmenn og/eða fulltrúa þeirra í samræmi við 11. gr. tilskipunar 89/391/EEB um málefni sem tilskipun þessi tekur til.

## 13. gr.

**Tilkynning til lögbærs yfirvalds**

1. Senda skal lögbæru yfirvaldi tilkynningu áður en notaðir eru í fyrsta sinn:

- a) líffræðilegir áhrifavaldar í 2. flokki;
- b) líffræðilegir áhrifavaldar í 3. flokki;
- c) líffræðilegir áhrifavaldar í 4. flokki.

Þetta skal tilkynna að minnsta kosti 30 dögum áður en vinnan hefst.

Einnig ber, með fyrirvara um 2. mgr., að senda tilkynningu áður en annar líffræðilegur áhrifavaldur í 4. flokki er notaður í fyrsta sinn eða nýr líffræðilegur áhrifavaldur í 3. flokki þegar vinnuveitandi skipar líffræðilega áhrifavaldinum í flokk sjálfur til bráðabirgða.

2. Rannsóknarstofum, sem veita greiningarþjónustu í tengslum við líffræðilega áhrifavalda í 4. flokki, skal einungis skylt að tilkynna í upphafi um ætlan sína.

3. Endurtilkynningu þarf ætíð að senda ef vinnsluferli og/eða vinnutílhögum er breytt verulega og það hefur þýðingu á sviði öryggis og hollustu á vinnustað þannig að fyrri tilkynning sé úrelt.

4. Í tilkynningunni, sem um getur í 1., 2. og 3. mgr., skal eftirfarandi koma fram:

- a) nafn og heimilisfang fyrirtækisins og/eða stofnunarinnar;
- b) nafn öryggis- og heilbrigðisfulltrúa á vinnustaðnum og hver hæfni hans er;
- c) niðurstöður matsins sem um getur í 3. gr.;
- d) tegund viðkomandi líffræðilegs áhrifavalds;
- e) verndar- og varúðarráðstafanir sem eru fyrirhugaðar.

## III. KAFLI

**ÝMIS ÁKVÆÐI**

## 14. gr.

**Heilbrigðiseftirlit**

1. Aðildarríkin skulu, í samræmi við landslög og/eða venjur, skipuleggja viðeigandi heilbrigðiseftirlit fyrir þá starfsmenn sem matið, sem um getur í 3. gr., leiðir í ljós að er hætt við að biði tjón á heilsu eða búi við skert öryggi.

2. Ráðstafanirnar, sem um getur í 1. mgr., skulu vera með þeim hætti að hver starfsmaður geti undirgengist viðeigandi heilbrigðiseftirlit ef við á:

- a) áður en hann verður fyrir váhrifum;
- b) með reglulegu millibili eftir það.

Fyrirnefndar ráðstafanir skulu vera með þeim hætti að beinlínis sé unnt að grípa til aðgerða á sviði hollustuhátta gagnvart einstaklingum og vinnustaðnum.

3. Matið, sem um getur í 3. gr., ætti að leiða í ljós hverjir þeir starfsmenn eru sem kunna að þarfnast sérstakra verndarráðstafana.

Rétt er að veita þeim starfsmönnum, sem ekki eru þegar ónæmir fyrir þeim líffræðilega áhrifavaldi sem þeir verða fyrir eða kunna að verða fyrir váhrifum frá, kost á viðeigandi bólusetningu ef þörf krefur.

Þegar atvinnurekendur bjóða bólusetningu ber þeim að taka mið af starfsvenjum sem mælt er með í VII. viðauka.

Komi í ljós að starfsmaður hafi orðið fyrir sýkingu og/eða fengið sjúkdóm, sem grunur leikur á að rekja megi til váhrifanna, skal lækni sá eða lögbært yfirvald, sem ber ábyrgð á heilbrigðiseftirliti með starfsmönnum, bjóða öðrum starfsmönnum, sem hafa orðið fyrir svipuðum váhrifum, slíkt eftirlit.

Ef svo ber undir skal endurmeta hættuna á váhrifum í samræmi við ákvæði 3. gr.

4. Í tilvikum, þar sem heilbrigðiseftirlit fer fram, skal geyma læknaáskýrslur um einstaklinga í að minnsta kosti 10 ár, eftir að váhrifum lýkur, í samræmi við innlend lög og/eða venjur.

Í þeim sérstöku tilvikum, sem um getur í annari undirgrein 2. mgr. 11. gr., skal geyma læknaáskýrslur um einstaklinga, eftir því sem talið er viðeigandi, í allt að 40 ár eftir síðustu váhrif sem vitað er um.

5. Læknirinn eða yfirvaldið, sem ber ábyrgð á heilbrigðiseftirliti, skal gera tillögur um verndar- eða varúðarráðstafanir sem ber að gera með tilliti til einstakra starfsmanna.

6. Veita ber starfsmönnum upplýsingar og ráðgjöf um heilbrigðiseftirlit sem þeir kunna að gangast undir eftir að váhrifum lýkur.

7. Í samræmi við innlend lög og/eða venjur:

- a) skulu starfsmenn hafa aðgang að niðurstöðum heilbrigðiseftirlits sem þá varðar, og
- b) geta hlutaðeigandi starfsmenn eða vinnuveitandi óskað eftir endurskoðun niðurstaðna heilbrigðiseftirlitsins.

8. Hagnýt tilmæli vegna heilbrigðiseftirlits með starfsmönnum er að finna í IV. viðauka.

9. Tilkynna ber viðkomandi lögbæru yfirvaldi um öll sjúkdómstilfelli eða dauðsföll sem, í samræmi við innlend lög og/eða venju, eru rakin til váhrifa frá líffræðilegum áhrifavöldum í starfi.

## 15. gr.

**Heilsugæslu- og dýralækningastöðvar aðrar en greiningarstofur**

1. Að því er varðar matið, sem um getur í 3. gr., ber að taka sérstakt tillit til eftirfarandi:

- a) óvissu um það hvort líffræðilega áhrifavalda er að finna í sjúklingum eða dýrum og í efni eða sýnum sem tekin eru úr þeim;

b) hættu samfara líffræðilegum áhrifavöldum sem er vitað að er að finna í sjúklingum eða dýrum og efnum og sýnum úr þeim eða grunur leikur á því;

c) áhættu sem vinnan felur í sér eðli sínu samkvæmt.

2. Á heilsugæslu- eða dýralækningastöðvum skal gera viðeigandi ráðstafanir til að standa vörð um heilsu og öryggi hlutaðeigandi starfsmanna.

Þær ráðstafanir, sem eru gerðar, skulu einkum felast í því:

a) að tilgreina viðeigandi afmengunar- og sóttreinsunar- aðferðir, og

b) að ákvarða aðferðir við að meðhöndla og eyða menguðum úrgangi á öruggan hátt.

3. Í einangrunarstöðvum fyrir sjúklinga og sjúk dýr, sem eru eða grunur leikur á að séu sýkt af líffræðilegum áhrifavöldum í 3. eða 4. flokki, skal velja afmörkunarástafanir úr þeim, sem um getur í dálki A í V. viðauka, í því skyni að draga úr smithættu.

16. gr.

#### Sérstakar ráðstafanir vegna iðnaðarvinnslu, rannsóknarstofa og vistarvera dýra

1. Eftirfarandi ráðstafanir ber að gera á rannsóknarstofum, þar með töldum greiningarstofum, og í vistarverum tilraunadýra sem hafa verið sýkt af ásetningi með líffræðilegum áhrifavöldum í 2., 3. eða 4. flokki eða bera í sér, eða grunur leikur á að beri í sér, slíka áhrifavalda:

a) Rannsóknarstofur, þar sem unnin eru verk sem fela í sér meðhöndlun líffræðilegra áhrifavalda í 2., 3. eða 4. flokki með rannsóknir, þróun, kenngreiningu eða greiningu að markmiði, skulu ákvarða afmörkunarástafanir í samræmi við ákvæði V. viðauka í því skyni að draga úr smithættu.

b) Að loknu matinu, sem um getur í 3. gr., skal ákveða ráðstafanir í samræmi við V. viðauka þegar stig áþreifanlegrar afmörkunar fyrir líffræðilegu áhrifavaldana hafa verið ákveðin með tilliti til þess um hve mikla áhættu er að ræða.

Starfsemi, þar sem unnið er með líffræðilega áhrifavalda, skal aðeins stunduð:

— á vinnusvæðum sem eru að minnsta kosti í samræmi við 2. stig afmörkunar fyrir 2. flokk líffræðilegra áhrifavalda,

— á vinnusvæðum sem eru að minnsta kosti í samræmi við 3. stig afmörkunar fyrir 3. flokk líffræðilegra áhrifavalda,

— á vinnusvæðum sem eru að minnsta kosti í samræmi við 4. stig afmörkunar fyrir 4. flokk líffræðilegra áhrifavalda.

c) Á rannsóknarstofum, þar sem unnið er með efni sem óvíst er að innihaldi líffræðilega áhrifavalda er valdið geta sjúkdómum í mönnum en þar sem tilgangurinn er ekki að vinna með líffræðilegu áhrifavaldana sem slíka (það er að segja að rækta þá eða þykkja), skal að minnsta kosti 2. stigs afmörkun viðhöfð. Nota ber 3. og 4. stig

afmörkunar þegar það á við og vitað er, eða grunur leikur á um, að þau séu nauðsynleg, nema þegar fram kemur í viðmiðunarreglum viðkomandi innlendra yfirvalda að lægra afmörkunarstig sé viðeigandi í ákveðnum tilvikum.

2. Gera ber eftirfarandi ráðstafanir vegna iðnaðarvinnslu þar sem líffræðilegir áhrifavalda í 2., 3. og 4. flokki eru notaðir:

a) Grunnreglurnar um afmörkun, sem eru settar fram í annarri undirgrein b-liðar 1. mgr., ættu einnig að gilda um iðnaðarframleiðslu á grundvelli þeirra hagnýtu ráðstafana og viðeigandi málsmeðferðar sem er sett fram í VI. viðauka.

b) Lögbær yfirvöld geta ákveðið viðeigandi ráðstafanir, í samræmi við mat á áhættu sem tengist líffræðilegum áhrifavöldum í 2., 3. og 4. flokki, sem verður að gera vegna notkunar slíkra líffræðilegra áhrifavalda í iðnaði.

3. Að því er varðar starfsemi sem fjallað er um í 1. og 2. mgr., þar sem ógerlegt hefur verið að meta líffræðilegan áhrifavald endanlega en þar sem svo virðist sem fyrirhuguð notkun kunni að hafa í för með sér alvarlega heilsufarshættu fyrir starfsmenn, skal því aðeins heimilt að starfsemi fari fram á vinnustöðum þar sem afmörkunarstig er að minnsta kosti í samræmi við 3. stig.

17. gr.

#### Notkun gagna

Frankvæmdastjórnin skal hafa aðgang að upplýsingunum, sem um getur í 9. mgr. 14. gr., líkt og lögbær yfirvöld einstakra ríkja.

18. gr.

#### Flokkun líffræðilegra áhrifavalda

1. Flokkun bandalagsins skal gerð á grundvelli skilgreininganna í 2. til 4. lið annarrar undirgreinar 2. gr. (2. til 4. flokkur).

2. Aðildarríkin skulu, þar til flokkun bandalagsins liggur fyrir, flokka líffræðilega áhrifavalda, sem eru eða kunna að vera hættulegir heilbrigði manna, á grundvelli skilgreiningarinnar í 2. til 4. lið annarrar undirgreinar 2. gr. (2. til 4. flokkur).

3. Ef ekki reynist unnt að flokka líffræðilegan áhrifavald, sem meta á, með vissu í einn þeirra flokka sem eru skilgreindir í annarri málsgrein 2. gr. skal setja hann í hæsta áhættuflokk af þeim sem koma til greina.

19. gr.

#### Viðaukar

Samþykkja skal hreinar tæknilegar breytingar á viðaukunum í ljósi tækniframfara, breytinga á alþjóðlegum reglugerðum eða forskriftum og nýrra uppfinninga á sviði líffræðilegra áhrifavalda í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 17. gr. tilskipunar 89/391/EBE.

20. gr.

#### Tilkynningar til framkvæmdastjórnarinnar

Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

21. gr.

#### Niðurfelling

Tilskipun 90/679/EEB, eins og henni var breytt með tilskipunum sem um getur í A-hluta VIII. viðauka, falli úr gildi samanber þó skyldur aðildarríkjanna varðandi lögleiðingarfresti sem mælt er fyrir um í B-hluta VIII. viðauka.

Líta ber á tilvísanir í niðurfelldu tilskipunina sem tilvísanir í þessa tilskipun og skulu þær lesnar með hliðsjón af samanburðartöflunni í IX. viðauka.

22. gr.

#### Gildistaka

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

23. gr.

#### Viðtakendur

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 18. september 2000.

*Fyrir hönd Evrópuþingsins,*

N. FONTAINE

*forseti.*

*Fyrir hönd ráðsins,*

H. VÉDRINE

*forseti.*

---

*I. VIÐAUKI*

## VIÐMIÐUNARSKRÁ YFIR STÖRF

**(2. mgr. 4. gr.)**

1. Störf í matvælaverksmiðjum.
2. Landbúnaðarstörf.
3. Störf sem fela í sér snertingu við dýr og/eða afurðir úr dýraríkinu.
4. Heilsugæslustörf, meðal annars á einangruðum deildum og í líkhúsum.
5. Störf á klínískum rannsóknarstofum, dýrarannsóknarstofum eða á greiningarstofum, að undanskildum örverufræðilegum greiningarstofum.
6. Vinna í sorpeyðingarstöðvum.
7. Vinna í skolphreinsunarstöðvum.

---

*II. VIÐAUKI*

## MERKI FYRIR HÆTTU AF LÍFFRÆÐILEGUM TOGA

**(e-liður 2. mgr. 6. gr.)**



## III. VIÐAUKI

## FLOKKUN BANDALAGSINS

## Önnur málsgrein 2. gr. og 18. gr.

## INNGANGSORÐ

1. Í samræmi við gildissvið tilskipunarinnar ber aðeins að fella áhrifavalda, sem vítað er að valda sýkingu í mönnum, inn í flokkuðu skrána.

Visbendingar eru gefnar um hugsanleg eiturhrif og ofnæmi af völdum þessara áhrifavalda eftir því sem víð á.

Sýklar úr dýra- og plönturíkinu, sem er vítað að hafi ekki áhrif á menn, eru ekki tilgreindir.

Ekki var tekið tillit til erfðabreyttra örvera við samantekt skrárinnar yfir flokkaða líffræðilega áhrifavalda.

2. Skráin yfir flokkaða áhrifavalda er miðuð við áhrif þeirra á heilbrigða starfsmenn.

Ekkert sérstakt tillit er tekið til sérlegra áhrifa á þá sem kunna að vera næmir af einni ástæðu eða annarri, til dæmis vegna sjúkdóma sem þeir ganga með, lyfja, skerts ónæmis, meðgöngu eða brjóstgjafar.

Líta ber á aukna áhættu fyrir slíka starfsmenn sem hluta þess áhættumats sem gerð er krafa um samkvæmt þessari tilskipun.

Í tiltekinni iðnaðarvinnslu, rannsóknarstofuvinnu eða vinnu í tengslum við dýr, þar sem um er að ræða raunveruleg eða hugsanleg váhrif frá líffræðilegum áhrifavöldum í 3. eða 4. flokki, skulu allar tæknilegar varúðarráðstafanir, sem eru gerðar, vera í samræmi við 16. gr. tilskipunarinnar.

3. Líffræðilegir áhrifavaldar, sem hafa ekki verið settir í 2. til 4. flokk í skránni, eru ekki settir skilyrðislaust í 1. flokk. Með tilliti til áhrifavalda, þar sem vítað er að fleiri en ein tegund valda sjúkdómum í mönnum, mun skráin innihalda þær tegundir sem vítað er að valda oftast sjúkdómum, ásamt almennari tilvísun til þess að aðrar tegundir af sömu ættkvísl geti haft áhrif á heilsufar.

Þegar heillar ættkvíslar er getið í flokkuðu skránni yfir líffræðilega áhrifavalda ber skilyrðislaust að útiloka tegundir og stofna sem vítað er að eru skaðlausir.

4. Þegar stofn er veiklaður eða hefur glatað meinvirkum genum, sem eru þekkt, þarf afmörkunin, sem flokkun móðurstofns þess krefst, ekki að gilda nauðsynlega, með fyrirvara um viðeigandi hættumat á vinnustaðnum.

Sú er raunin, til dæmis, þegar nota á slíkan stofn sem vöru eða hluta vöru til sjúkdómsvarna eða í lækningaskyni.

5. Nafnakerfi flokkaðra áhrifavalda, sem var notað til að gera þessa skrá, endurspeglar og er í samræmi við nýjustu alþjóðasamninga um flokkunarfræði og nafnakerfi áhrifavalda á þeim tíma sem skráin var tekin saman.

6. Skráin yfir flokkaða líffræðilega áhrifavalda endurspeglar þekkingarstigið á þeim tíma þegar hún var gerð.

Hún verður uppfærð um leið og hún endurspeglar ekki lengur nýjustu þekkingu.

7. Aðildarríkjunum ber að tryggja að allar veirur, sem þegar hafa verið einangraðar í mönnum og hafa ekki verið metnar og flokkaðar í þessum viðauka, séu að lágmarki settar í 2. flokk, nema aðildarríkin geti fært sönnur á að ólíklegt sé að þær valdi sjúkdómum í mönnum.

